Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 4. febrúar 2026.
Málsnr. 2512004
HH/PBG

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Efni: Brúum bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Á 622. fundi stjórnar SSH, hinn 2. febrúar 2026, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

> **2512004 - Brúum bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla**
>
> *Brúum umönnunarbilið - skýrsla og tillögur aðgerðahóps sem skipaður var af forsætisráðherra var gefin út í desember 2025. Henný Hinz formaður aðgerðahópsins kynnir skýrsluna, helstu niðurstöður hennar og tillögur.*
>
> **Niðurstaða fundar**:
> Lagt fram til kynningar. Umræður. Skrifstofu SSH er falið að vekja athygli aðildarsveitarfélagnna á skýrslunni og senda þeim hana til kynningar og umræðu.
>
> Stjórn SSH telur mjög mikilvægt að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eða fulltrúar þeirra séu kölluð að borðinu við þessa vinnu og er farið fram á það við Samband íslenskra sveitarfélaga að það verði gert. Þá leggur stjórn SSH áherslu á að tillögur skýrslunnar séu skoðaðar og ígrundaðar mjög vel en samkvæmt skýrslunni er áætlaður mjög skammur tími til undirbúnings og viðræðna vegna þeirra.

Á grundvelli ofangreinds er meðfylgjandi skýrsla „Brúum umönnunarbilið – Skýrsla og tillögur aðgerðahóps“ send til kynningar og umræðu á vettvangi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

Brúum umönnunarbilið – Skýrsla og tillögur aðgerðahóps, desember 2025.